

Nd. 127. Frumvarp til laga

um heimild til að taka eignarnámi eða leigunámi nýbýlið Varmahlíð í Skagafirði.

Flm.: Pálmi Hannesson, Steingrímur Steinþórsson.

1. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að láta taka eignarnámi eða leigunámi jörðina Varmahlíð í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu, til afnota fyrir héraðsskóla Skagfirðinga, sem reisa á við Reykjarhól.

2. gr.

Um framkvæmd eignarnáms eða leigunáms samkv. 1. gr. skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1937.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hefir verið ákveðið að reisa héraðsskóla við Reykjarhól í Skagafirði, og hefir honum verið valinn staður upp frá nýbýlinu Varmahlíð, sem reist var fyrir nokkrum árum við þjóðbrautina austanvert við Reykjarhól.

Á síðasta ári keypti hið opinbera jörðina Reykjarhól vegna hins væntanlega skóla, og var síðan hafizt handa um byggingu sundlaugar, sem verða á í sambandi við skólann. Kom þá í ljós, að skólans vegna væri nauðsynlegt að fá umráð yfir Varmahlíð. Síðan hafa forgöngumenn skólamálsins leitað fyrir sér um kaup á jörðinni, og er það ætlun þeirra, að þar verði stofnað til skólalahalds í smáum stíl svo fljótt sem verða má.

Þess er að vísu að vænta, að samningar takist um jarðakaupin, og þarf þá ekki á heimild þeirri að halda, sem hér er farið fram á. En þar sem mikið liggur við, að jörðin fáist, þykir rétt að hafa heimildina um eignarnám til, ef aðrar leiðir reynast ófærar.